

# **Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.**

**Ársreikningur samstæðu 2022**

**Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.**

Kennitala 660805-1250

Austurbakka 2, 101 Reykjavík

**Efnisyfirlit**

**bls.**

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra .....	2 - 5
Áritun óháðs endurskoðanda .....	6 - 8
Rekstrarreikningur .....	9
Efnahagsreikningur .....	10-11
Sjóðstreymi .....	12
Skýringar .....	13 - 24

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

## Meginstarfsemi

Hlutverk Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. (Harpa) er að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar sem erlendar. Harpa og dótturfélög (samstæðan) annast eignarhald og rekstur tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvarinnar Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík, auk tengdrar starfsemi.

## Samstæðan og starfsemin á árinu

Afléttingar samkomutakmarkana vegna heimsfaraldursins skiptu sköpum fyrir rekstur Hörpu á árinu. Eftir tvo mánuði af nánast engu viðburðahaldi hófst starfsemin aftur af umtalsverðum þrótti sem óx eftir því sem leið á árið. Áhrifa Covid-19 gætti þó áfram með ýmsum hætti s.s. í færri heimsóknnum ferðamanna og breyttri kauphegðun tónleikagesta.

Á árinu 2022 fóru fram 1267 viðburðir í Hörpu samanborið við 867 árið áður. Er þetta fjölgun um 47%. Þar af voru 452 ráðstefnutengdir en það innifelur auk ráðstefna m.a. fundi, veislur og móttökur. Fjöldi slíkra viðburða árið áður var 324. 783 listviðburðir fóru fram - þar af hélt Sinfóníuhjómssveit Íslands 96 tónleika, Íslenska óperan 15 sýningar og tónleika. Tónleikar og listviðburðir á vegum annarra en SÍ og ÍÓ reyndust 540 talsins. Meðal stórra viðburða á árinu voru Evrópsku kvikmyndaverðlaunin sem fresta þurftu ítrekað vegna heimsfaraldursins. Fjöldi leiksýninga af ýmsu tagi var 132. Heildarfjöldi listviðburða óx um 69% á milli ára. Upplifunarsýningin Hringátta sem Harpa stendur fyrir í samstarfi við erlendan aðila laðaði til sín 15.235 gesti á fyrsta heila árinu í rekstri. Viðburðir á vegum Hörpustrengja voru Upptakturinn og sýningar hins úkraínska Kyiv Grand Ballet á Hnotubrjótnum, auk þess sem hátt á þriðja tug fjölskylduvænna viðburða voru haldnir á vegum Hörpu. Heildarfjöldi viðburða sem tengjast barnamenningu voru vel á annað hundrað en í mars voru Hljóðhimnar opnaðir sem er tónlistartengt upplifunar- og fræðslurými fyrir börn. Um 186 þúsund aðgöngumiðar voru afgreiddir í gegnum miðasölu Hörpu á árinu samanborið við um 127 þúsund árið 2021 og 232 þúsund árið 2019. Heildarvelta miðasölu í Hörpu vegna viðburða á árinu nam um 1.242 milljónum króna samanborið við 685 milljón króna árið 2021 og 1.294 milljónir króna á árinu 2019.

Rík áhersla var lögð á áframhaldandi vinnu við innleiðingu grænna skrefa í opinberum rekstri og grænt bókhald. Lauk innleiðingu allra fimm skrefanna á árinu. Árangur í aukinni sjálfbærni hlaut einnig viðurkenningu með Svansvottun ráðstefnuaðstöðu Hörpu sem styrkir samkeppnishæfni í alþjóðlegu samhengi. Fjöldmörg önnur brýn verkefni unnust á árinu, meðal annars úrbætur á rýmum á austurhlið Hörpu til að auka nýtingu og tekjur, áframhaldandi LED-væðing, og endurnýjun búnaðar. Einnig var haldið áfram með uppfærslu mikilvægra grunnkerfa, móttun innkaupastefnu og umbóta í verklagi við innkaup með það fyrir augum að stuðla að aukinni samkeppni, auka gegnsæi og hagkvæmni. Vinna við áhættumat og áhættustýringu hófst og umfangsmikil úttekt var gerð á vinnuvernd og öryggismálum. Nýtt og skilvirkara gjaldtökakerfi var tekið í notkun í bílahúsi Hörpu sem skilaði auknum tekjum og undirbúningur fyrir samrekstur á bílahúsi lóðarhafa við Austurbakka 2 hélt áfram. Jafnframt var haldið áfram með þróun stafrænnar miðlunar og þjónustu. Innleiðing laga um persónuvernd hélt áfram, unnið að innleiðingu skjalavistunar, dagskrárstefna fest í sessi með skipan nýs dagskráráðs og viðhaldsvottun jafnlaunakerfis var staðfest.

Hjá samstæðunni voru 125 einstaklingar á launaskrá á árinu 2022 og er það fjölgun um 8 frá árinu 2021. Eftir fækkun stöðugilda í 2020 og 2021 vegna áhrifa Covid-19 fjölga þeim nú aftur og voru 48 borið saman við 35 árið 2021. Fastráðið starfsfólk í lok árs skiptust í 23 konur og 28 karla og starfsfólk í tímavinnu í 45 konur og 18 karla. Kynbundinn launamunur heildarlauna var mældur og reyndist hann vera 1,4% þar sem hallar á konur og er það lækkun á milli ára.

Fjöldi heimsókna í húsið var rétt rúmlega 1 milljón samkvæmt talningakerfi við innganga.

## Rekstur samstæðunnar á árinu

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var 365,2 milljón króna árið 2022, samanborið við 121,8 milljónir króna árið 2021. Tekjur af starfseminni námu 1.593,5 milljónum króna samanborið við 782,5 milljónum króna árið 2021, en voru fyrir áhrif Covid-19 1.209,6 milljónir árið 2019 og nemur hækkunin frá þeim tíma 32%. Rekstrarframlag frá eigendum nam í upphafi árs 450 milljónum króna auk tekjufærðs mismunar vegna fjármögnunarsamnings 27,2 milljónir króna en vegna þþyngjandi áhrifa heimsfaraldursins náðust samningar um viðbótarframlög að fjárhæð 281,0 milljónir króna. Alls námu því tekjur samstæðunnar 2.351,7 milljónum króna og er það 784 milljóna króna hækkun frá fyrra ári.

## Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Húsnæðiskostnaður var alls 719,0 milljónir króna og hækkaði um 124,0 milljónir króna á milli ára. Hluttur fasteignagjalda í húsnæðiskostnaði nam 316,1 milljónum króna. Laun og launatengd gjöld voru 627,9 milljónir króna, hækkuðu um 144,3 milljónir króna milli ára, eftir að hafa lækkað töluvert árin 2020 og 2021 vegna fækkunar á stöðugildum í kjölfar heimsfaraldurs. Annar rekstrarkostnaður var 639,5 milljón króna í samanburði við 367,0 milljón árið 2021 og er mestur munur á aðkeyptri þjónustu og öðrum kostnaði vegna mun umfangsmeira viðburðahalds. Rekstrargjöld samstæðunnar námu alls 1.986,4 milljónum króna og jukust um jukust um 37,4% eftir að hafa dregist verulega saman árið 2021 vegna víðtækra aðhaldsaðgerða á tímum heimsfaraldurs Covid19. Á árinu var eignfært ógreitt skipulagsgjald að fjárhæð 134 m.kr. sem er 0,3% af brunabótamati fasteignar, sama fjárhæð var færð til gjalda sem virðisrýrnun. Harpa var ekki fullbyggð þegar húsið var tekið í notkun og af þeim orsökum auk ágreinings um fasteignamat, hefur lokaúttekt ekki farið fram. Gjaldfærð fjárhæð er byggð á áætluðu brunabótamati. Gert er ráð fyrir að ljúka málinu á árinu 2023.

Tap að fjárhæð 116,5 milljónir króna varð af heildarstarfsemi samstæðunnar á árinu að teknu tilliti til tekjuskatts, afskrifta og fjármagnsliða samanborið við 162 milljóna króna tap á árinu 2021. Eigið fé samstæðunnar nam 10.836,5 milljónum króna í árslok 2022 og er eiginfjárlutfallið 31%.

### Fjárhagleg staða samstæðunnar

Rekstrarforsendur Hörpu hafa frá upphafi þarfnast endurskoðunar við. Skýringarnar eru meðal annars hár kostnaður vegna rekstrar og viðhalds fasteignarinnar, mun hærri fasteignagjöld en gert hafði verið ráð fyrir (sbr. skýringu 3) og skortur á fjármagni til að sinna til hlítar menningarhlutverki Hörpu.

Allt frá árinu 2013 hefur íslenska ríkið og Reykjavíkurborg lagt Hörpu til rekstrarframlag og það hefur verið forsenda þess að rekstur samstæðunnar gangi. Rekstrarframlag eigenda á undanförunum árum byggir á viðauka við samning Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar, um rekstur og starfsemi Hörpu, dagsettum þann 23. maí 2017. Framlög eigenda árið 2023 samkvæmt heimildum í fjárlögum og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar mun það tryggja rekstrarhæfi samstæðunnar að óbreyttu út árið 2023. Stefnt er að undirbúningi langtímasamnings um rekstur og starfsemi Hörpu.

Mál Íslenskra aðalverktaka hf. („ÍAV“) gegn Hörpu vegna stýriverktöku er enn ólokið. Þar sem um viðurkenningarkröfu er að ræða er erfitt að festa fjárhæð á tjón ÍAV en í stefnu var það sagt nema a.m.k. 11% af byggingarkostnaði bílastæðahússins undir umræddum reitum.

Hæstiréttur Íslands hefur fallist á að taka málið til úrlausnar og er stefnt að munnlegum málflutningi þar í apríl 2023. Félagið krefst þess að niðurstöðu Landsréttar verði hrundið. Sjá nánari umfjöllun í skýringu 13.

### Jöfnun taps

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi jöfnun taps. Stjórnin leggur til að arði verði ekki úthlutað.

### Eignaraðild

Engin breyting varð á eignarhaldi móðurfélags samstæðunnar á árinu sem er að 54% hluta í eigu íslenska ríkisins og 46% hluta í eigu Reykjavíkurborgar.

### Fjárhagsleg áhættustjórnun

Helstu fjárhagslegu áhættuþættir samstæðunnar eru lausafjár-, útlána- og vaxta- og verðtryggingaráhætta. Umfjöllun um fjárhagslega áhættustjórnun og áhættuþætti er að finna í skýringu 15.

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

## Stjórnarhættir

Stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja uppfærðum „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 2021. Stjórn Hörpu hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í starfsreglum stjórnar er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Reglurnar aðgengilegar á heimasíðu félagsins ásamt siðareglum stjórnar og starfsfólks. Stjórn hefur jafnframt sett starfskjarastefnu sem birt er á heimasíðu félagsins. Stjórn samstæðunnar ákveður starfskjör forstjóra. Fundir stjórnar á árinu voru 11 talsins.

## Undirnefndir

Tvær undirnefndir stjórnar eru starfandi hjá Hörpu sem eru endurskoðunarnefnd og dagskráráð. Stjórn Hörpu skipar á fyrsta fundi sínum að loknum aðalfundi ár hvert þrjú einstaklinga í endurskoðunarnefnd. Í nefndinni sitja nú einn aðili óháður félaginu og tveir fulltrúar stjórnar. Aðalhlutverk endurskoðunarnefndar er mat á eftirlitsumhverfi félagsins, greining á virkni innri endurskoðunar, eftirlit með framkvæmd endurskoðunar, gerð tillögu um val á ytri endurskoðanda í samráði við Ríkisendurskoðun skv. 7. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreiknings, ásamt mati á óhæði endurskoðanda, mat á virkni áhættustefnu, áhættuvilja og áhættustýringu og tryggja fylgni við gildandi lög og reglur. Meðal annarra verkefna nefndarinnar er að yfirfara fjárhagsupplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum og ytri endurskoðendum og að staðreyna að upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma. Dagskráráð er skipað fjórum aðilum eftir tilnefningar frá fagfélögum á sviði tónlistar. Hlutverk þess er að vera ráðgefandi við val á eigin viðburðum og framkvæmd dagskrárstefnu Hörpu.

## Eigendastefna

Harpa starfar í samræmi við sértæka eigendastefnu sem sett var árið 2012. Að auki gilda almennar eigendastefnur íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar sem tóku gildi 2022 og eiga að tryggja gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun félagsins. Í þeim eru m.a. ákvæði um stjórnarhætti og stjórnsýslu, ábyrgðarskil, samskipti og upplýsingagjöf til eigenda. Eigendanefnd Hörpu er skipuð sex fulltrúum, þremur frá hvorum eiganda og er meginhlutverk hennar að samræma sjónarmið eigenda í málefnum félagsins.

## Stefnumótun og sjálfbærni

Unnið er samkvæmt stefnumarkandi áherslum fyrir starfsemi og rekstur, að jafnréttis- og jafnlaunastefnu, umhverfis- og loftslagstefnu, samgöngustefnu, stefnu um persónuvernd, upplýsingaöryggi og gagnavernd, vinnuvernd og öryggisstefnu, þjónustustefnu, dagskrárstefnu, innkaupastefnu, varnir gegn peningabætti og vernd uppljóstrara. Gilda stefnurnar um öll félög samstæðunnar eftir því sem á við miðað við eðli starfseminnar. Á árinu hófst vinna við gerð samfélags- og sjálfbærnistefnu samhliða innleiðingu UFS mælikvarða sem birtast í fyrstu árs- og sjálfbærnisráðgjafur félagsins sem gefin er út á aðalfundi.

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

## Staðfesting stjórnar og forstjóra

Það er álit stjórnar og forstjóra samstæðunnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun samstæðunnar, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2022 með áritun sinni.

Reykjavík, 29.mars 2023

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir  
stjórnarformaður

Árni Geir Pálsson  
varaformaður

Aðalheiður Magnúsdóttir  
stjórnarmaður

Guðni Tómasson  
stjórnarmaður

María Rut Reynisdóttir  
stjórnarmaður

Svanhildur Konráðsdóttir  
forstjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. fyrir árið 2022, að undanskilinni skýrslu stjórnar og forstjóra.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2022, efnahag 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar félagsins.

#### Samstæðuársreikningurinn innifelur:

- Skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra,
- Rekstrarreikning ársins 2022,
- Efnahagsreikning 31. desember 2022,
- Sjóðstreymi ársins 2022,
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra er undanskilin endurskoðun, samanber kafla um aðrar upplýsingar.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins.

#### Óhæði

Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt samstæðunni er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Lykilatriði endurskoðunar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2022. Sem hluti af endurskoðun okkar á ársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á ársreikningnum í heild.

#### Lykilatriði endurskoðunar:

#### Endurskoðunaraðgerðir:

##### Langtímafjáreign

Langtímafjáreign nemur að fjárhæð 21.551 milljóna króna í árslok 2022 en langtímafjáreign félagsins endurspeglar framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar vegna byggingar og fjármögnunar á Hörpu.

Framlagið byggir á samningi um rekstur og starfsemi þar sem íslenska ríkið og Reykjavíkurborg skuldbinda sig til að greiða mánaðarlegt framlag til Hörpu í 35 ár. Upphafsgreiðsla var í mars 2011 og greiðslu lýkur árið 2046.

Endurskoðun okkar fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:  
Yfirferð á samningi við íslenska ríkið og Reykjavíkurborg með tilliti til mats á skilyrðislausu framtíðargreiðslustreymi samkvæmt samningnum.

Við endurreiknuðum virði framlagsins samkvæmt samningnum og beittum núvirðisútreikningum til staðfestingar á bókfærðu virði þess.

## Áritun óháðs endurskoðanda

Lykilatriði endurskoðunar:

Endurskoðunaraðgerðir:

### Langtímafjáreign framhald

Langtímafjáreign félagsins endurspeglar að fullu langtímaskuldir félagsins, vaxtakjör og greiðslubyrði þeirra í skuldabréfaflokknum HARP 46 0217. Skuldabréfaflokkurinn er tryggður með veði í framlagi íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar. Hið skilyrðislausa framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar er því grundvöllur að rekstrarhæfi félagsins. Þess vegna er þessi liður lykilatriði í endurskoðun okkar.

Að auki voru viðeigandi skýringar yfirfarnar.

Sjá nánar skýringa nr. 2, 7 og 10.

### Aðrar upplýsingar, þ.m.t. Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum að meta hæfi samstæðunnar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja samstæðuársreikning á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samstæðuna upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á samstæðuársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samstæðan verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga innan samstæðunnar og gefum út álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ábyrgð á álitum okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, sem höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lyklatríði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lyklatríðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

### Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

#### *Kosning endurskoðanda*

Við vorum fyrst tilnefnd sem endurskoðendur félagsins af ríkisendurskoðun sbr. 7. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Við höfum annast endurskoðun samstæðunnar, í umboði ríkisendurskoðanda, samfellt frá og með árinu 2006.

Reykjavík, 29.mars 2023

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Valgerður Kristjánsdóttir  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2022

		Samstæða	
	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>			
Tekjur af starfsemi .....	2	1.593.469	782.496
Rekstrarframlag frá eigendum .....	2,11	450.000	450.000
Viðbótarrekstrarframlag frá eigendum .....	2,11	308.194	334.860
		<u>2.351.664</u>	<u>1.567.357</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Húsnæðiskostnaður .....	3	718.972	594.987
Laun og launatengd gjöld .....	3	627.924	483.623
Annar rekstrarkostnaður .....	3	639.536	366.989
		<u>1.986.431</u>	<u>1.445.599</u>
<b>Rekstrarhagnaður (EBITDA)</b>		365.232	121.758
Afskriftir og virðisryrnun .....	5,6	532.607	336.858
<b>Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>		( 167.374)	( 215.100)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Hreinar fjármunatekjur .....	4	53.597	11.904
<b>Tap fyrir skatta</b>		( 113.777)	( 203.196)
Reiknaður tekjuskattur .....	12	( 2.785)	40.956
<b>Tap ársins</b>		<u>( 116.563)</u>	<u>( 162.240)</u>
Afkoma skiptist á eftirfarandi hátt:			
Eigendur félagsins .....	9	( 122.126)	( 163.780)
Hlutdeild minnihluta .....	9	5.564	1.540
		<u>( 116.563)</u>	<u>( 162.240)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	Samstæða	
		31.12.2022	31.12.2021
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir:			
Hugbúnaður .....	5	8.748	11.413
Efnislegar eignir			
Fasteignir og lóðir .....		8.868.864	9.043.474
Innréttingar, áhöld og tæki .....		2.280.032	2.378.208
	6	<u>11.148.896</u>	<u>11.421.682</u>
Fjáreignir:			
Langtímafjáreign .....	7	21.551.200	20.285.655
<b>Fastafjármunir samtals</b>		32.708.844	31.718.750
<b>Veltufjármunir</b>			
Næsta árs afborganir langtímafjáreignar .....	7	628.574	554.873
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	8	463.810	177.883
Handbært fé .....		1.240.720	1.109.402
		<u>2.333.104</u>	<u>1.842.158</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>35.041.948</u>	<u>33.560.908</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Samstæða	
		31.12.2022	31.12.2021
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		3.782.326	3.782.326
Lögbundinn varasjóður .....		818.082	818.082
Bundinn hlutdeildarreikningur .....		87.748	51.767
Óráðstafað eigið fé .....		6.125.590	6.283.697
		<u>10.813.745</u>	<u>10.935.871</u>
Hlutdeild minnihluta .....		22.743	17.180
	9	<u>10.836.488</u>	<u>10.953.051</u>
<b>Skuldir</b>			
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding .....	12	1.352.112	1.349.327
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum .....	10	21.169.745	19.897.730
<b>Langtímaskuldir samtals</b>		22.521.856	21.247.057
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	10	586.160	564.224
Óuppgert vegna viðburða .....		419.747	346.807
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		630.577	410.441
Skuldir við tengda aðila .....	11	47.119	39.328
		<u>1.683.603</u>	<u>1.360.800</u>
<b>Skuldir samtals</b>		24.205.459	22.607.857
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>35.041.948</u>	<u>33.560.908</u>
<b>Fjárhagsleg áhættustjórnun</b>	15		
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13,14,16		

## Sjóðstreymi ársins 2022

		Samstæða	
	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Tap ársins .....		( 116.563)	( 162.240)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og virðisrýrnun .....	5,6	532.607	336.858
Verðbótatekjur langtímafjáreignar .....		( 1.920.292)	( 973.262)
Verðbætur langtímalána og dreifing lántökugjalda og yfirverðs .....		1.879.788	952.853
Reiknaður tekjuskattur .....		2.785	( 40.956)
Aðrir liðir .....		0	0
		<u>378.325</u>	<u>113.254</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		( 286.879)	( 121.837)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		160.028	160.212
		<u>( 126.851)</u>	<u>38.375</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>251.474</u>	<u>151.629</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð óefnislegra eigna .....	5	0	( 11.163)
Kaupverð efnislegra eigna .....	6	( 123.155)	( 534.394)
Afborganir langtímafjáreignar .....		581.046	521.261
Skammtímakröfur á tengda aðila, breyting .....	11	0	278.000
		<u>457.891</u>	<u>253.704</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Innborgað hlutfé .....	9	0	149.000
Afborganir langtímalána .....		( 585.837)	( 526.667)
Breyting skammtímalána frá tengdum aðilum .....	11	7.790	2.845
		<u>( 578.047)</u>	<u>( 374.823)</u>
<b>Hækkun á handbæru fé</b>		131.318	30.510
Handbært fé í byrjun árs .....		1.109.402	1.078.892
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>1.240.720</u>	<u>1.109.402</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Mótteknir vextir .....		787.481	736.500
Greiddir vextir .....		( 749.398)	( 715.389)

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. (Harpa) og dótturfélög (samstæðan) starfa á sviði fasteignastjórnunar og rekstrar.

Hlutverk Hörpu er að sjá um eignarhald og rekstur tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvar við Reykjavíkurhöfn. Rekstrarupplýsingar um dótturfélögin eru í skýringu nr. 14.

Harpa, móðurfélag samstæðunnar, er í eigu Íslenska ríkisins að 54% hluta og Reykjavíkurborgar að 46% hluta. Aðsetur félagsins er að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

## 2. Rekstrartekjur

	2022	2021
<b>Tekjur af starfsemi samstæðu Hörpu</b>		
Leigutekjur .....	189.521	180.578
Viðburðir og ráðstefnur .....	1.124.456	470.990
Rekstrarleyfissamningar .....	266.294	120.576
Aðrar tekjur .....	13.199	10.352
	<u>1.593.469</u>	<u>782.496</u>

### Rekstrarframlag frá eigendum

Íslenska ríkið og Reykjavíkurborg veittu samstæðunni rekstrarframlag að fjárhæð 450 milljónir króna á árinu 2021 í samræmi við fjárlög Íslenska ríkisins og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Rekstrarframlagið byggir á viðauka við samning Hörpu og eigenda um rekstur starfsemi Hörpu, dagsettur þann 23. maí 2017. Rekstrarframlag eigenda eru meðal annars vegna aukins kostnaðar í tengslum við rekstur fasteignarinnar, þar með talin fasteignagjöld. Eigendur samþykktu sérstakt viðbótarframlag að fjárhæð 281 milljónir króna á árinu 2022 til að mæta neikvæðum fjárhagslegum áhrifum vegna Covid-19 og tryggðu með því rekstrarhæfi samstæðunnar.

Rekstrarframlag frá eigendum .....	450.000	450.000
Tekjufærður mismunur vegna fjármögnunarsamnings .....	27.194	25.280
Afmælisgjöf eigenda vegna konsertflygils .....	0	25.000
Viðbótarrekstrarframlag frá eigendum .....	281.000	284.580
	<u>758.194</u>	<u>784.860</u>

## 3. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld samstæðunnar greinast þannig:

	2022	2021
<b>Húsnæðiskostnaður</b>		
Fasteignagjöld .....	316.106	309.724
Annar húsnæðiskostnaður .....	402.865	285.264
	<u>718.972</u>	<u>594.987</u>

Þrátt fyrir að stjórnendur Hörpu telji gildandi fasteignamat Þjóðskrár Íslands vera rangt þá eru fasteignagjöld í rekstrarreikningi 2022 og 2021 færð í samræmi við ákvarðað fasteignamat Þjóðskrár Íslands að teknu tilliti til breytingar í samræmi við úrskurð Yfirfasteignamatsnefndar, dagsettan þann 31. ágúst 2017, sem fólst í tímabundinni lækkan á stuðli úr 1,3 í 1,0 fyrir tiltekin undirmatssvæði fasteignarinnar.

	2022	2021
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun .....	502.449	385.785
Lífeyrissjóðsmótframlag .....	67.854	51.952
Önnur launatengd gjöld .....	57.621	45.886
	<u>627.924</u>	<u>483.623</u>

Hjá samstæðunni voru 125 á launaskrá á árinu 2022 í um 48 stöðugildum, samanborið við 117 á launaskrá á árinu 2021 í um 35 stöðugildum.

Laun, þóknarir og launatengd gjöld stjórnar og forstjóra námu 37,5 milljónum króna á árinu samanborið við 35 milljónir króna árið 2021. Þar af voru laun og launatengd gjöld forstjóra 26 milljónir króna á árinu 2022 samanborið við 24 milljónir króna á árinu 2021.

Samstæðan hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

## Skýringar

### 3. Rekstrargjöld, framhald

	2022	2021
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
<i>Aðkeypt þjónusta</i>		
Aðkeypt þjónusta vegna listviðburða og ráðstefna .....	332.205	148.555
Annar rekstrarkostnaður viðburða .....	41.420	32.129
Kostnaður tengdur miðakerfi .....	26.576	17.377
	400.201	198.061
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>		
Markaðskostnaður .....	56.597	65.921
Veittir styrkir .....	6.000	5.065
Önnur aðkeypt þjónusta .....	51.661	30.337
Annar rekstrarkostnaður .....	125.076	67.605
	239.334	168.927
<b>Annar rekstrarkostnaður samtals</b>	639.536	366.989

### 4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2022	2021
<b>Vaxta- og verðbótatekjur</b>		
Langtímafjáreign .....	2.658.028	1.677.979
Bankareikningar .....	22.365	6.265
Aðrir liðir .....	10.128	2.395
	2.690.521	1.686.640
<b>Vaxtagjöld og verðbætur</b>		
Langtímaskuldir .....	( 2.636.733)	( 1.675.609)
Aðrir liðir .....	( 45)	( 139)
	( 2.636.778)	( 1.675.747)
<b>Gengismunur</b>		
Aðrir liðir .....	( 146)	1.012
Hreinar fjármunatekjur .....	53.597	11.904

### 5. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir sem samanstanda af hugbúnaði greinast þannig:	31.12.2022	31.12.2021
Bókfært verð í ársbyrjun .....	11.413	718
Afskriftir ársins .....	( 2.665)	( 467)
Bókfært verð í árslok .....	8.748	11.413
Bókfært verð í árslok greinist þannig:		
Kostnaðarverð .....	15.038	37.852
Afskriftir samtals .....	( 6.290)	( 26.439)
Bókfært verð í árslok .....	8.748	11.413

## Skýringar

### 6. Efnislegar eignir

	Fasteignir og lóðir	Innréttingar, áhöld og tæki	Samtals
<b>Árslok 2021:</b>			
Bókfært verð í ársbyrjun .....	9.158.853	2.064.827	11.223.679
Viðbót ársins .....	56.781	477.613	534.394
Afskriftir ársins .....	( 172.160)	( 164.231)	( 336.391)
Bókfært verð í árslok .....	<u>9.043.474</u>	<u>2.378.208</u>	<u>11.421.682</u>
Bókfært verð í árslok 2021 greinist þannig:			
Kostnaðarverð .....	17.979.932	4.152.720	22.132.653
Afskriftir og virðisryrnun samtals .....	( 8.936.459)	( 1.774.512)	( 10.710.971)
Bókfært verð í árslok .....	<u>9.043.474</u>	<u>2.378.208</u>	<u>11.421.682</u>
<b>Árslok 2022:</b>			
Bókfært verð í ársbyrjun .....	9.043.474	2.378.208	11.421.682
Viðbót ársins .....	134.000	123.155	257.155
Virðisryrnun fasteignar .....	( 134.000)	0	( 134.000)
Afskriftir ársins .....	( 174.609)	( 221.332)	( 395.942)
Bókfært verð í árslok .....	<u>8.868.864</u>	<u>2.280.032</u>	<u>11.148.896</u>
Bókfært verð í árslok 2022 greinist þannig:			
Kostnaðarverð .....	18.113.932	3.884.268	21.998.201
Afskriftir og virðisryrnun samtals .....	( 9.245.068)	( 1.604.237)	( 10.849.305)
Bókfært verð í árslok .....	<u>8.868.864</u>	<u>2.280.032</u>	<u>11.148.896</u>
Gjaldfærðar afskriftir í rekstrarreikningi samstæðunnar greinast þannig:		<b>2022</b>	<b>2021</b>
Afskrift efnislegra eigna .....		395.942	336.391
Virðisryrnun efnislegra eigna .....		134.000	0
Afskrift óefnislegra eigna (skýring 5) .....		2.665	467
		<u>532.607</u>	<u>336.858</u>

#### Fasteignamat og vátryggingaverðmæti

Fasteignir samstæðunnar í árslok 2022 voru eftirtaldar:

	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, lóð	Brunabótamat	Bókfært verð
Austurbakki 2 (Harpa) .....	19.315.450	9.665.319	44.813.077	8.868.864

Fjárhæðir fasteignamats miðast við nýja ákvörðun Þjóðskrár Íslands, sjá umfjöllun í skýringu nr. 3.

Fasteign samstæðunnar er tryggð húseigndatryggingu fyrir 43.376 milljónir króna og lausafé og búnaður eru vátryggðir fyrir 1.474 milljónir króna.

#### Veðsetningar

Þinglýst veð og skuldbindingar hvíla á fasteign samstæðunnar til tryggingar skuldum sem námu um 21,7 milljörðum króna í árslok 2022. Til tryggingar skilvísun og skaðlausum greiðslum eru þinglýst tryggingarbréf með veði í fasteigninni, tónlistarhús 01-0101. Nafnverð tryggingarbréfa nemur 18 milljörðum króna. Tryggingarbréf eru bundin vísitölu neysliverðs og nemur framreiknað verð 29,9 milljörðum króna í árslok 2022. Auk þess eru mánaðarleg framlög frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg sett að veði til tryggingar á skuldum.

### 7. Langtímafjáreign

Langtímafjáreign samstæðunnar í efnahagsreikningi byggir á samningi Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar um starfsemi og rekstur Hörpu, dagsettum þann 12. apríl 2013. Samkvæmt ákvæðum samningsins skuldbinda eigendur Hörpu, íslenska ríkið (54%) og Reykjavíkurborg (46%), sig að greiða fast mánaðarlegt framlag til Hörpu í 35 ár frá 15. mars 2011 að telja. Samningsbundið framlag er verðtryggt í samræmi við vísitölu neysliverðs með grunnvísitöluna 237,4.

Samstæðan færir samningsbundið framlag samkvæmt samningi sem langtímafjáreign í efnahagsreikningi, til mótvægis við langtímaskuld vegna byggingar Hörpu, en framlagið er nátengt þeirri skuld, sjá nánari umfjöllun í skýringu nr. 10. Langtímafjáreignin er framlagið fært til núvirðis með 3,55% vöxtum, sem eru vextir af langtímaláninu. Sjá nánar um árlegar greiðslur samningsbundna framlagsins í skýringu nr. 15.3.

## Skýringar

### 7. Langtímafjáreign, framhald

Langtímafjáreign kemur þannig fram í efnahagsreikningi:	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
Langtímafjáreign, meðal fastafjármuna .....	21.551.200	20.285.655
Næsta árs afborganir langtímafjáreignar, meðal veltufjármuna .....	628.574	554.873
	<u>22.179.774</u>	<u>20.840.528</u>

Afborganir af langtímafjáreign samstæðunnar í árslok greinast þannig á næstu ár:

	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
Afborganir árið 2022 .....	0	554.873
Afborganir árið 2023 .....	628.574	574.895
Afborganir árið 2024 .....	651.255	595.639
Afborganir árið 2025 .....	674.755	617.132
Afborganir árið 2026 .....	699.102	639.400
Afborganir árið 2027 .....	724.328	662.471
Afborganir árið 2028 og síðar .....	18.801.760	17.196.119
	<u>22.179.774</u>	<u>20.840.528</u>

#### Veðsetningar

Þinglýst veð og skuldbindingar hvíla á langtímafjáreign samstæðunnar til tryggingar skuldum sem námu um 21,7 milljörðum króna í árslok 2022. Mánaðarlegt framlag Íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar greiðist inn á veðsettan bankareikning dótturfélags Hörpu, Greiðslumiðlunarinnar Hringa ehf., og verða ávallt fyrst nýttar til að greiða mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokki dótturfélagsins, Greiðslumiðlunarinnar Hringa ehf., HARP 46 0217, sem skráður er í Kauphöll Íslands.

### 8. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinist þannig hjá samstæðunni:	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
Viðskiptakröfur .....	321.817	128.243
Kröfur vegna miðasölu .....	187.737	65.121
Niðurfærsla krafna .....	( 58.213)	( 24.519)
Viðskiptakröfur, nettó .....	<u>451.341</u>	<u>168.845</u>
Aðrar kröfur .....	12.469	9.037
	<u>463.810</u>	<u>177.883</u>

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta áhættu sem fylgir kröfueign samstæðunnar. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

Niðurfærsla krafna frá fyrra ári .....	( 24.519)	( 27.533)
Breyting á niðurfærslu ársins færð í rekstrarreikning .....	( 33.695)	3.014
Staða í lok árs .....	<u>( 58.213)</u>	<u>( 24.519)</u>

### 9. Eigið fé

#### Hlutfé

Hlutfé samstæðunnar nam í árslok kr. 3.782.326.000. Fjöldi hluta er 3.782.326.000, hver að virði 1 króna.

#### Lögbundinn varasjóður

Fært hefur verið tillag í lögbundinn varasjóð sem nemur 21,63% af útgefnu hlutfé, í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutfélög.

## Skýringar

### 9. Eigið fé, framhald

#### Bundinn hlutdeildarreikningur

Þegar hlutdeildaraðferð er beitt skal taka tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé dóttur- eða hlutdeildarfélags og færa á bundinn hlutdeildarreikning meðal eiginfjárliða. Sé hlutdeild félagsins í dóttur- eða hlutdeildarfélögum seld eða afskrifuð skal leysa hlutdeildarreikninginn upp og færa breytinguna á óráðstafað eigið fé.

#### Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2022	31.12.2021
<b>Hlutfé</b>		
Staða í ársbyrjun .....	3.782.326	3.633.326
Staða í árslok .....	3.782.326	3.782.326
<b>Lögbundinn varasjóður</b>		
Staða í ársbyrjun .....	818.082	818.082
Staða í árslok .....	818.082	818.082
<b>Bundinn hlutdeildarreikningur</b>		
Staða í ársbyrjun .....	51.767	51.686
Binding vegna hlutdeildar í dótturfélögum .....	35.981	80
Staða í árslok .....	87.748	51.767
<b>Óráðstafað eigið fé</b>		
Staða í ársbyrjun .....	6.283.697	6.457.129
Tekjuskattsáhrif leiðréttingar annarra tekna frá fyrri árum .....	0	( 9.572)
Leiðrétt staða í ársbyrjun .....	6.283.697	6.447.557
Tap ársins .....	( 122.126)	( 163.780)
Staða í árslok .....	6.125.590	6.283.697
Eigið fé fyrir hlutdeild minnihluta .....	10.813.745	10.935.871
<b>Hlutdeild minnihluta</b>		
Staða í ársbyrjun .....	17.180	15.639
Hlutdeild minnihluta í hagnaði ársins .....	5.564	1.540
Staða í árslok .....	22.743	17.180
Eigið fé samtals .....	10.836.488	10.953.051

### 10. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir samstæðunnar greinist þannig:

	31.12.2022	31.12.2021
<b>Skuldabréfaútgáfa</b>		
Skuldabréfaflokkur, HARP 46 0217, vextir 3,55% .....	21.842.690	20.537.480
Lántökukostnaður færður til gjalda á líftíma láns .....	( 109.534)	( 116.374)
	21.733.156	20.421.106
<b>Aðrar langtímaskuldir</b>		
Skuldabréf, breytilegir vextir 3,7% .....	22.749	40.848
Langtímaskuldir samtals .....	21.755.905	20.461.954

Skuldabréfaflokkur er verðtryggður með vísitölu neysluverðs, með grunnvísitöluna 409,9 og langtímaskuldir við aðra aðila eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs, með grunnvísitöluna 423,2.

Langtímaskuldir samstæðunnar eru allar í íslenskum krónum.

## Skýringar

### 10. Langtímaskuldir, framhald

Afborganir af langtímaskuldum samstæðunnar í árslok greinast þannig á næstu ár:

	31.12.2022	31.12.2021
Árið 2022 .....	0	564.224
Árið 2023 .....	586.160	583.836
Árið 2024 .....	583.731	583.731
Árið 2025 .....	604.784	604.784
Árið 2026 .....	626.596	626.596
Árið 2027 .....	649.195	649.087
Árið 2028 og síðar .....	18.705.439	16.849.698
	<u>21.755.905</u>	<u>20.461.954</u>

Langtímaskuldir að fjárhæð 21.755,9 milljónir króna koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2023 / 2022, færðar meðal skammtímaskulda .....	586.160	564.224
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar .....	21.169.745	19.897.730
	<u>21.755.905</u>	<u>20.461.954</u>

#### Skuldabréfaútgáfa

Skuldabréfaútgáfa, upphaflega að fjárhæð 19.500 milljónir króna, er skuldabréfaflokkur sem skráður er í Kauphöll Ísland, Nasdaq OMX, undir auðkenninu HARP 46 0217. Verðbréfaútgáfan er hjá Greiðslumiðluninni Hring ehf., dótturfélagi Hörpu. Harpa er móttakandi framlags frá Íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg sem gengur beint til greiðslu skuldabréfaútgáfunnar. Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna er þau verðtryggt með vísitölu neysluverðs og föstum 3,55% vöxtum. Skuldabréfin eru án uppgreiðsluheimildar.

Skuldabréfin greiðast með 394 jöfnum greiðslum (annuitet), sem felur í sér að afborgun nafnverðs fer vaxandi eftir því sem líður á lántímann. Fyrsti gjalddagi var í maí 2013 og síðasti gjalddagi verður þann 15. febrúar 2046.

Áætluð afborgun næsta árs er um 563,4 milljónir króna en áætluð heildargreiðsla lánsins með vöxtum og verðbótum er 1.377,4 milljónir króna á árinu 2023.

Skuldabréfin eru tryggt með veði í framlagi Íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar, fyrsta veðrétti í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu auk handveðsréttar tiltekins bankareiknings samstæðunnar.

Íslenska ríkið (54%) og Reykjavíkurborg (46%) hafa skuldbundið sig til að greiða fasta árlega fjárhæð, sem bundin er vísitölu neysluverðs og er greiðsla vegna kaupa á þeirri þjónustu sem felst í því annars vegar að Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. eigi tónlistar- og ráðstefnuhús og hins vegar reki aðstöðu í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Framlagið greiðist mánaðarlega í 35 ár frá 15. mars 2011. Framlagið greiðist inn á veðsettan bankareikning Hring og er nýtt til að greiða mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokki samstæðunnar.

#### Aðrar langtímaskuldir

Skuldabréf í íslenskum krónum, verðtryggt með vísitölu neysluverðs, var tekið í desember 2014, til 9 ára. Það er tryggt með veði í leigugreiðslum og handveði í innstæðu bankareiknings. Vextir eru breytilegir.

### 11. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar samstæðunnar eru hluthafar félagsins, stjórn samstæðunnar, forstjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Þessi skilgreining er byggð á ákvæðum í settum reikningsskilareglum. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2022	2021
<b>Rekstrarframlag frá eigendum</b>		
Rekstrarframlag frá Íslenska ríkinu .....	243.000	243.000
Rekstrarframlag frá Reykjavíkurborg .....	207.000	207.000
	<u>450.000</u>	<u>450.000</u>
<b>Viðbótarrekstrarframlag frá eigendum</b>		
Viðbótarrekstrarframlag frá Íslenska ríkinu .....	179.685	188.231
Viðbótarrekstrarframlag frá Reykjavíkurborg .....	128.509	146.629
	<u>308.194</u>	<u>334.860</u>

## Skýringar

### 11. Viðskipti við tengda aðila, framhald

	2022	2021
<b>Rekstrargjöld til tengdra aðila</b>		
Fasteignagjöld til Reykjavíkurborgar .....	316.106	309.724
Bílastæðasjóður, húsaleiga og húsaleiguuppgjör .....	21.563	15.828
	<u>337.669</u>	<u>325.551</u>
<b>Fjármunatekjur frá tengdum aðilum</b>		
Vaxta- og verðbótatekjur frá íslenska ríkinu .....	1.435.335	906.109
Vaxta- og verðbótatekjur frá Reykjavíkurborg .....	1.222.693	771.870
	<u>2.658.028</u>	<u>1.677.979</u>
	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
<b>Langtímafjáreign á tengda aðila</b>		
Langtímafjáreign á íslenska ríkið .....	11.637.648	10.954.254
Langtímafjáreign á Reykjavíkurborg .....	9.913.552	9.331.401
	<u>21.551.200</u>	<u>20.285.655</u>
<b>Næsta árs afborganir langtímafjáreignar á tengda aðila</b>		
Næsta árs afborganir langtímafjáreignar á íslenska ríkið .....	339.430	299.631
Næsta árs afborganir langtímafjáreignar á Reykjavíkurborg .....	289.144	255.242
	<u>628.574</u>	<u>554.873</u>
<b>Skammtímaskuldir við tengda aðila</b>		
Skammtímaskuldir við Reykjavíkurborg .....	27.097	27.097
Skammtímaskuldir við Bílastæðasjóð Reykjavíkurborgar .....	20.022	12.232
	<u>47.119</u>	<u>39.328</u>

Upplýsingar um launagreiðslur til stjórnenda samstæðunnar er að finna í skýringu nr. 3.

### 12. Tekjuskattur og tekjuskattsskuldbinding (tekjuskattseign)

Breyting tekjuskattsskuldbindingar (tekjuskattseignar) greinast þannig:

	31.12.2022	31.12.2021
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....	1.349.327	1.380.711
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi .....	2.785	( 40.956)
	<u>1.352.112</u>	<u>1.349.327</u>
Tekjuskattsskuldbinding (tekjuskattseign) greinist þannig á eftirfarandi liði:	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
Óefnislegar eignir .....	( 342)	( 504)
Efnislegar eignir .....	( 2.278.449)	( 2.273.339)
Fjáreignir .....	4.435.955	4.168.106
Viðskiptakröfur .....	( 11.643)	( 4.904)
Gengismunur .....	48	112
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	( 1.134.320)	( 1.770.971)
Niðurfærsla yfirfæranlegs skattalegs taps, vegna óvissu um nýtingu .....	340.862	1.230.827
	<u>1.352.112</u>	<u>1.349.327</u>

## Skýringar

### 12. Tekjuskattur og tekjuskattsskuldbinding (tekjuskattseign), framhald

Félög innan samstæðunnar greiða engan tekjuskatt á árinu 2023 vegna reksturs ársins 2022 vegna samsköttunaráhrifa og yfirfæranlegs skattalegs taps sem greinist þannig:

	31.12.2022	31.12.2021
Tap ársins 2013, nýtanlegt til ársloka 2023 .....	221.351	4.427.816
Tap ársins 2014, nýtanlegt til ársloka 2024 .....	776.674	221.351
Tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025 .....	706.286	787.300
Tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026 .....	418.309	706.286
Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027 .....	22.870	418.309
Tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028 .....	626.362	22.870
Tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029 .....	462.121	626.362
Tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030 .....	460.530	462.121
Tap ársins 2021, nýtanlegt til ársloka 2031 .....	714.446	461.600
Tap ársins 2022, nýtanlegt til ársloka 2032 .....	1.262.648	720.841
	<u>5.671.598</u>	<u>8.854.856</u>

### 13. Aðrar upplýsingar

#### Innskattskvöð

Vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhúss og bílastæðahúss hvílir á samstæðunni innskattskvöð sem nam um 3.377 milljón króna í lok ársins. Fyrningartími innskattskvaðarinnar er 20 ár. Innskattskvöðin er háð óvissu sem felst í að útskattur á fyrningartíma nemi hærri fjárhæð en sem nemur framangreindri fjárhæð innskattskvaðar.

#### Vátryggingar

Samstæðan hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 935,9 milljónum króna.

#### Málaferli

I. Mál Íslenskra aðalverktaka hf. („ÍAV“) gegn Hörpu vegna stýriverktöku er enn ólokið en með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp hinn 4. mars 2021 var félagið sýknað af kröfu sem ÍAV gerði um greiðslu skaðabóta vegna tjóns sem verktakinn varð fyrir vegna þess að réttur hans til stýriverktöku við byggingu bílastæðahúss undir reitum 1 og 2 á Austurhafnarsvæðinu hafi ekki verið virtur. Þar sem um viðurkenningarkröfu er að ræða er erfitt að festa fjárhæð á tjón ÍAV en í stefnu var það sagt nema a.m.k. 11% af byggingarkostnaði bílastæðahússins undir umræddum reitum.

Málinu var áfrýjað til Landsréttar sem féllst á kröfu ÍAV um viðurkenningu á óskiptri skaðabótaskyldu félagsins og Situs ehf. Hæstiréttur Íslands hefur hins vegar fallist á að taka málið til úrlausnar og er stefnt að munnlegum málflytningi þar í apríl 2023. Félagið krefst þess að niðurstöðu Landsréttar verði hrundið.

II. Með stefnu þingfestri 9. september 2021, höfðaði félagið mál á hendur ÍAV vegna galla í þaki fasteignarinnar en ÍAV sá um byggingu Hörpu. ÍAV krefst sýknu af öllum kröfum félagsins en félagið hefur skilað matsbeiðni þar sem þess er krafist að dómkvaddur verði matsmaður til að meta tjón félagsins vegna umræddra galla. Það er nú í ferli fyrir héraðsdómi en skv. mati VSB verkfræðistofu mun kostnaður við lagfæringar nema um 290 m.kr.

### 14. Dótturfélög og samstæðureikningsskil

Í lok ársins eru dótturfélög sem innifalin eru í samstæðureikningsskilunum þessi:

Nafn	Starfsemi og eignarhlutur	Afkoma 2022	Eigið fé 31.12.2022	
Greiðslumiðlunin Hringur ehf. ....	Lántaka vegna byggingar	100%	771	2.186
Rekstrarfélagið Stæði slhf. ....	Rekstur bílastæðahúss	77,1%	24.253	99.143
Rekstrarfélagið Hörpustrengir ehf. ....	Skipulagning viðburða	100%	16.521	52.681

Lögheimili allra ofangreindra dótturfélaga er að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

## Skýringar

### 15. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Stjórn samstæðunnar ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu hennar. Stjórnin hefur falið forstjóra umsjón með daglegri áhættustýringu samstæðunnar.

#### 15.1 Áhættustjórnun fjármögnunar

Markmið samstæðunnar við stjórnun fjármögnunar er að tryggja að framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar standi undir afborgunum og vöxtum af lántökum. Ekki er ætlast til að samstæðan skili arðsemi til hluthafa.

Fjármögnun samstæðunnar sundurliðast með eftirfarandi hætti:	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
Lántökur í lok árs .....	21.755.905	20.461.954
Fráðregið: handbært fé .....	( 1.240.720)	( 1.109.402)
Lántökur nettó .....	20.515.185	19.352.552
Eigið fé .....	10.836.488	10.953.051
Fjármögnun samtals .....	31.351.673	30.305.603

#### 15.2 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar.

Samstæðan metur tapsáhættu af kröfum og færir niðurfærslu á móti mögulegu tapi slíkra krafna ef slíkt á við.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða er bókfært verð allra fjáreigna samstæðunnar.

#### 15.3 Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Fjárhagsskuldbindingar samstæðunnar felast fyrst og fremst í skuldabréfaútgáfu frá árinu 2013, en samningar samstæðunnar ganga út frá að alltaf sé til laust fé til greiðslu skuldarinnar. Fyrir liggur samningur til 35 ára við íslenska ríkið og Reykjavíkurborg um framlög sem ganga til greiðslu langtímalánsins.

Taflan hér að neðan greinir skuldir samstæðunnar í flokka eftir gjalddögum þeirra. Fjárhæðir í töflunni vegna greiðslustreymis eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur afborgana og vaxta. Skuldir á gjalddaga innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings eru á bókfærðu verði þar sem áhrif núvirðingar eru óveruleg.

	Bókfært verð	Greitt innan 12 mánaða	Greitt seinna en eftir 12 mánuði	Samtals
<b>Staða 31. desember 2022</b>				
Langtímaskuldir (skuldabréfaútgáfa) .....	21.733.156	1.377.391	30.532.174	31.909.565
Langtímaskuldir við fjármálastofnanir .....	22.749	23.522	0	23.522
Skuldir við tengda aðila .....	47.119	47.119	0	47.119
Aðrar skammtímaskuldir .....	1.050.324	1.050.324	0	1.050.324
	22.853.347	2.498.356	30.532.174	33.030.530
<b>Staða 31. desember 2021</b>				
Langtímaskuldir (skuldabréfaútgáfa) .....	20.421.106	1.259.764	29.184.537	30.444.302
Langtímaskuldir við fjármálastofnanir .....	40.848	21.935	21.180	43.115
Skuldir við tengda aðila .....	39.328	39.328	0	39.328
Aðrar skammtímaskuldir .....	757.248	757.248	0	757.248
	21.258.530	2.078.276	29.205.717	31.283.993

Eftirfarandi er greining á afborgunum íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar til samstæðunnar vegna langtímafjáreignar. Afborganirnar samanstanda af afborgunum verðbættis höfuðstóls og vaxta. Fjárhæðir eru ónúvirtar miðað við verðlag í árslok 2022.

	Innborganir ársins	Innborgað innan 12 mánaða	Innborgað eftir 12 mánuði	Samtals
<b>Staða 31. desember 2022</b>				
Framlag eigenda .....	1.345.977	1.405.794	31.161.767	32.567.561
<b>Staða 31. desember 2021</b>				
Framlag eigenda .....	1.251.269	1.285.741	29.786.341	31.072.083

Framlag eigenda í töflunni hér að framan er í samræmi við ákvæði samnings um rekstur og starfsemi Hörpu milli Hörpu annars vegar og eigendanna, íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar, hins vegar.

## Skýringar

### 15. Fjárhagsleg áhættustjórnun, framhald

#### 15.4 Vaxtaáhætta

Samstæðan býr við vaxtaáhættu af lántöku með breytilegum vöxtum. Fjárhæð lánsins var 22,7 milljónir króna í árslok 2022 og vextir þá 3,7%. Ef vaxtakjör lánsins breytast um 1% stig til hækkunar eða lækkunar, þá hækka eða lækka vaxtagjöld um 227 þúsund krónur á ári.

Verðbréfaútgáfa dótturfélagsins er á föstum vöxtum þannig að hún og samstæðan býr ekki við vaxtaáhættu af henni. Með breytingu á reikningsskilaaðferðum þar sem samningur Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar var færður sem langtímafjáreign þá býr samstæðan hvorki við vaxta- né verðtryggingaráhættu þar sem bæði langtímafjáreignin og verðbréfaútgáfan eru vísitölutengdar og bera sömu 3,55% fasta vexti.

#### 15.5 Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta samstæðunnar er óveruleg og tengist einkum viðskiptum við erlenda viðburðahaldara og listamenn.

### 16. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

#### 16.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram þúsundum íslenskra króna. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu. Mat og forsendur eru í stöðugri þróun.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

#### 16.2 Fjárhagsleg staða og rekstrarhæfi samstæðunnar

Umfjöllun um fjárhagslega stöðu samstæðunnar er að finna í skýrslu stjórnar og forstjóra en þar kemur fram að samstæðan sé rekstrarhæf. Ársreikningurinn er lagður fram á þeim grundvelli.

#### 16.3 Samstæðureikningur

Félög sem innifalin eru í samstæðunni uppfylla þau skilyrði að móðurfélagið eða önnur félög innan samstæðunnar hafa yfir að ráða meira en helming af atkvæðavægi innan viðkomandi félags eða hefur á annan hátt vald til þess að hafa veruleg áhrif á stjórnun þess. Dótturfélög eru færð í samstæðureikning frá þeim degi sem stjórnun félaga færast til samstæðunnar og til þess dags sem stjórnun er ekki lengur í höndum hennar. Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra félaga í samstæðunni en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum, skuldum og óinnleystum hagnaði er eytt í samstæðunni.

Í móðurfélagsreikningi eru færð afkomuáhrif dótturfélaga miðað við hlutdeild móðurfélags í eigin fé viðkomandi dótturfélaga. Hlutdeild í tapi dótturfélaga er fært á móti eignarhlut í viðkomandi dótturfélagi að því marki að bókfært verð eignarhlutar verði ekki neikvætt. Ef hlutdeild í tapi er hærrí þá færast það á móti kröfu móðurfélagsins á dótturfélagið að því marki sem krafan dugar á móti gjaldfærslunni. Hlutdeild í tapi umfram það er ekki fært nema talið sé að móðurfélagið þurfi að bera skuldbindingar dótturfélagsins.

#### 16.4 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda annars vegar af tekjum af starfsemi samstæðu Hörpu og hins vegar af rekstrarframlögum frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg.

Tekjur af starfsemi samstæðu Hörpu samanstanda af seldri þjónustu, útleigu aðstöðu og umboðslaunum vegna viðburða á borð við tónleika og ráðstefnur. Tekjur af veittri þjónustu vegna starfsemi í Hörpu eru færðar þegar unnið er til þeirra. Tekjur vegna rekstrarframlaga frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg eru færð á grundvelli samninga þar um eða þegar íslenska ríkið hefur staðfest það í fjárlögum og Reykjavíkurborg í fjárhagsáætlun.

## Skýringar

### 16. Yfirlit um helstu reikningskilaaðferðir, framhald

#### 16.5 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Vaxtagjöld eru gjaldfærð þegar þau falla til samanber þó skýringu 16.8.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

#### 16.6 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2023. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

#### 16.7 Óefnislegar eignir

##### Hugbúnaður

Kostnaður sem verður til við þróun og viðhald hugbúnaðar er gjaldfærður þegar hann verður til. Kostnaður sem beint tengist sérstökum hugbúnaði sem samstæðan á og mun líklega njóta ávinnings af umfram kostnað, þegar til lengra tíma er lítið, er eignfærður sem óefnisleg eign. Beinn kostnaður í þessu sambandi er kostnaður starfsmanna sem starfa við verkefnið og ákveðin hlutdeild í óbeinum kostnaði.

Kostnaður sem fellur til síðar vegna hugbúnaðar er aðeins eignfærður þegar hann eykur þann efnahagslega framtíðar ávinning sem felst í þeirri tilteknu eign sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður þegar til hans er stofnað. Hugbúnaður er gjaldfærður á áætluðum nýtingartíma en að hámarki á 4 árum.

#### 16.8 Efnislegar eignir

Efnislegar eignir eru tilgreindar á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýmun þar sem við á.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði eða endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir .....	50 ár
Innréttingar, áhöld og tæki .....	4-30 ár

Færð er virðisrýmun á eignir ef bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra en þá eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð eða í tekjuvirði eignanna.

Tvær breytingar hafa átt sér stað á endurheimtanlegu verði fasteignarinnar:

Annars vegar á árinu 2009 þegar breytingar voru gerðar á fjárhagslegri skipan samstæðunnar sem leiddi til þess að endurheimtanlegt verð lækkaði og var bókfært verð byggingarkostnaðar lækkað sem því nam. Samsvarandi lækkun var á skuldum samstæðunnar.

Hins vegar á árinu 2019 þegar endurheimtanlegt verð var lægra en bókfært verð fasteignarinnar. Virðisrýmun að fjárhæð 7.130,2 milljónum króna var færð vegna þessa til gjalda í rekstrarreikningi í samræmi við ákvæði laga og settra reikningskilareglna.

Kostnaðarverð sem sýnt er í skýringu nr. 6 tekur tillit til þeirra lækkana sem hafa átt sér stað.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söliverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Vaxtagjöld og verðbætur af lánnum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna efnislegar eignir voru eignfærð á þeim tíma sem það tók að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi. Eftir að skilgreindum byggingartíma lauk á árinu 2011 hafa öll vaxtagjöld verið gjaldfærð.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur efnislegra eigna er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### 16. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, framhald

#### 16.9 Langtímafjáreign

Langtímafjáreign í efnahagsreikningi byggir á samningi um rekstur og starfsemi Hörpu, dagsettum þann 12. apríl 2014, milli Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar. Fjáreignin er framtíðarsjóðsflæði mánaðarlegs framlags íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar til 15. febrúar 2046 sem fært er til núvirðis með 3,55% vöxtum, sem eru sömu vextir og eru á útgefnum skuldabréfum samstæðunnar, enda er framlagið með beinum hætti tengt þeim skuldabréfum sem gefin voru út vegna fjármögnunar á byggingu Hörpu.

Langtímafjáreign er flokkuð sem langtímakrafa í efnahagsreikningi þar sem um óafturkræfan og skuldbindandi samning um opinbert framlag er að ræða. Næsta árs afborganir langtímafjáreignarinnar eru færðar meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi

#### 16.10 Viðskiptakröfur og aðrar skammtímafröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum samstæðunnar.

#### 16.11 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímafröfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

#### 16.12 Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

#### 16.13 Tekjuskattur og tekjuskattsskuldbinding (tekjuskattseign)

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema vegna liða sem færðir eru í gegnum eigið fé, þá er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er reiknaður miðað við gildandi tekjuskattshlutfall á reikningsskiladegi. Tekjuskattur til greiðslu byggir á áætluðum sköttum sem vænt er að greiða beri til skattýfirvalda á næsta ári.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðs verð í ársreikningi. Frestaður tekjuskattur er metinn með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar kemur.

Tekjuskattseign er eingöngu færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni.

Tekjuskattsskuldbindingu og tekjuskattseign er jafnað saman þegar það er heimilt skv. lögum og er vegna tekjuskatts sem lagður er á af sömu skattayfirvöldum.

#### 16.14 Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Langtímaskuldir eru síðan færðar á afskrifuðu kostnaðarverði; mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er fært í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla eða yfirverðs.

Skuldir eru flokkaðar sem skammtímaskuldir nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

#### 16.15 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

#### 16.16 Óuppgert vegna viðburða

Óuppgert vegna viðburða samanstendur af miðasölu sem greidd er til viðburðarhaldara að viðburðum loknum, innheimtum STEF gjöldum og staðfestingargjöldum vegna viðburða.